



Bókanir velferðar- og fræðslunefndar

Liður 4:

4. Stytting vinnuvikunnar - breyttur opnunartími leikskólans Barnabóls

Leikskólinn hóf innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar árið 2021 og hefur starfað með 37 stunda vinnuviku síðan. Farin var blönduð leið, þ.e. að stytta vinnuvikuna um tvær stundir innan vikunnar og safna einni stundu á viku upp í dagsfrí á átta vikna fresti. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag, en það hefur á köflum valdið starfsfólki töluverðu álagi.

Samkvæmt kjarasamningum eiga starfsmenn rétt á 36 stunda vinnuviku. Ljóst er að við getum ekki innleitt 36 stunda vinnuviku án þess að gera einhverjar breytingar.

Bókun um afgreiðslu: Velferðar- og fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að leikskólinn verði lokaður kl. 14:00 á föstudögum og lokun í Dimbilviku og milli jóla og nýárs (sjá skóladagatal) til prufu næsta skólaárs. Tillagan er borin fram vegna kjarasamninga þar sem stefnt var að því að vinnuvika starfsfólks leikskóla yrði 36 klst. frá og með ágúst 2025. Nokkrar leiðir er hægt að fara til að bregðast við styttingunni. Lögð var könnun fyrir foreldra með þeirri niðurstöðu að meirihluti kaus styttingu opnunartíma.

Samþykkt með: Sigríður og Árni Hafnað: Jóhann

Jóhann gerir grein fyrir atkvæði með eftirfarandi bókun: Mikilvægt að vera ekki að skerða þjónustu til íbúa.

Liður 9:

9. Tillaga að starfslýsingu verkefnastjóra velferðar- og fræðslumál

Velferðarmál hafa oft setið á hakanum á svæðinu þar sem vantar hendur til að sinna þeim. Með því að ráða inn starfsmann, mögulega í samstarfi við Norðurþing er hægt að gera betur í velferðarmálum.

Bókun um afgreiðslu: Velferðar- og fræðslunefnd leggur til að starfsmaður verði ráðinn til að sinna velferðarmálum ásamt tilfallandi verkefnum hér á svæðinu. Lagt er til að eiga samtalið við Norðurþing varðandi útfærslu starfs og verkefnaskiptingu milli Norðurþings og starfsmanns út frá núverandi samningum.

Samþykkt samhljóða